

Gjaldskrá heimþjónustu

Gildir frá 1. júní 2020

Útreikningar á gjaldtöku fyrir heimþjónustu miðast við tekjur heimilisins. Viðmiðunarupphæðir í gjaldskrá eru fengnar með því að miða við lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Þegar um sambýlisfólk er að ræða þá er upphæð margfölduð með 1,6.

Ef lausafjäreignir allra sem búa á viðkomandi heimili fara yfir 2.708.562 kr. skal 75% umframeigna lausafjár leggjast ofan á árstekjur. Viðmiðunarupphæð lausafjäreigna skal taka mið af breytingum vísitölu neysliverðs sem reiknast frá 1. nóvember ár hvert og uppreiknast um áramót. Upphæð greiðslna er hlutfall af tímakaupi starfsmanna í félagslegri heimþjónustu og miðast við launaflokk 126, 3. þrep að viðbættu orlofi og launatengdum gjöldum samkvæmt launatöflu AFL - Starfsgreinafélags, samtals 3.102 kr. Sveitarfélagið niðurgreiðir félagslega heimþjónustu um 40% fyrir alla notendur.

Óskertur lífeyrir einstaklinga 345.732 kr.

Hægt er að sækja skriflega um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af félagsmálanefnd.

Kostnaður sem hver einstaklingur greiðir á klst., miðað við tekjur. Mismunur er x 1,6 hjá hjónum.

| Tekjur einstaklinga | | Tekjur hjóna | | Hlutfall greiðslu | Greiðsla hver klst. |
|---------------------|-------------|--------------|-------------|-----------------------------|---------------------|
| frá | til | frá | til | | |
| 0 | 345.732 kr. | 0 | 553.171 kr. | 0% niðurgreidds tímakaups | 0 kr. |
| 345.732 kr. | 432.000 kr. | 553.171 kr. | 683.000 kr. | 50% niðurgreidds tímakaups | 931 kr. |
| 432.000 kr. | og hærra | 683.000 kr. | og hærra | 100% niðurgreidds tímakaups | 1.861 kr. |

- Aldrei er innheimt fyrir meira en tíu tíma aðstoð á mánuði.
- Félagsleg heimþjónusta vegna fatlaðra barna er gjaldfrí.
- Heimsendir matarbakkar kosta 1.100 kr. eftir að sveitarfélagið hefur niðurgreitt hvern bakka um 550 kr.
- Dagvistargjald 943 kr. á dag

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 18. maí 2020 og í bæjarstjórn 20. maí 2020